

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vesturhöfn – Örfirisey – Fiskislóð 15-21.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 22. ágúst 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir eru þrír byggingarreitir á lóð til að koma fyrir eldsneytisdælum og rafhleðslustöðvum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Foldahverfi, 3. áfangi – Fjallkonuvegur 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis, 3. áfanga, vegna lóðarinnar nr. 1 við Fjallkonuveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að koma fyrir þvottastöð á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Menntaskólinn við Sund – Gnoðarvogur 43.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi Vogaskóla – Menntaskólans við Sund vegna lóðarinnar nr. 43 við Gnoðarvog. Í breytingunni sem lögð er til felst að gerður er nýr byggingarreitur á lóð fyrir færanlegar kennslustofur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fossaleynismýri – Fossaleynir 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Fossaleynismýrar vegna lóðarinnar nr. 14 við Fossaleyni. Í breytingunni sem lögð er til felst aukning á nýtingarhlutfalli, uppfærslu á bílastæðakröfum í samræmi við fermetrafjölda og að heimilt verði að koma fyrir millilofti sem eingöngu verður notað sem geymslurými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. október 2024.

Björn Axelsson.